

SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS



# AÐALSKIPULAG ÖLFUSS 2010-2022

---

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI OG MATSLÝSING

STEINSHOLT SF / LANDMÓTUN SF

6. apríl 2011

**EFNISYFIRLIT**

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
1.1	Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunarinnar .....	3
1.2	Kynning og samráð .....	4
1.3	Helstu breytingar frá gildandi skipulagi .....	5
1.4	Tengsl við aðra áætlanagerð .....	6
1.5	Upplýsingar um grunnástand umhverfisins.....	9
<b>2</b>	<b>UMHVERFISMATIÐ – UMFANG OG ÁHERSLUR</b> .....	<b>10</b>
2.1	Stefnumið áætlunar sem tekin eru til mats .....	10
2.2	Þættir aðalskipulags sem teknir eru til mats.....	10
2.3	Umhverfisþættir og viðmið .....	13
<b>3</b>	<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>14</b>
3.1	Umhverfisþættir .....	14

## 1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Ölfus vinnur nú að endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Ölfuss með síðari staðfestum breytingum. Gildandi aðalskipulag var staðfest af umhverfisráðherra 4. janúar 2005 og hafa verið gerðar 10 breytingar á því síðan.

Unnið hefur verið að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss með hléum frá árinu 2007. Skipulagshugmyndir hafa verið kynntar á nokkrum íbúafundum, síðast 4. febrúar 2010. Þá var fyrirbyggjandi tillaga kynnt í heild þar sem lýst var stefnumörkun á öllum sviðum.

Markmið með endurskoðuðu aðalskipulagi er helst að;

- uppfæra gildandi aðalskiplag eftir fjölmargar aðalskiplagsbreytingar sem gerðar hafa verið á umliðnum árum.
- koma breikkun Suðurlandsvegur í gegn um sveitarfélagið inn á aðalskipulag ásamt því að yfirfara stöðu núverandi samgöngumannvirkja.
- yfirfara og breyta legu iðnaðarsvæða á Hellisheiði.
- skýra betur byggð í dreifbýli sveitarfélagsins til að mæta aukinni eftirspurn.
- skýra betur stöðu byggðar gagnvart hættusvæðum.
- breyta lega brunnsvæðis og flytja vatnsból fyrir Þorlákshöfn.
- styrkja stöðu hafnarsvæðis í Þorlákshöfn m.a. með stækkun iðnaðarlóða og betri vegtengingum.
- minnka heldur íbúðarsvæði í Þorlákshöfn.

Breytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem um er að ræða nýja eða endurskoðaða skipulagsáætlun.

Hér er sett fram lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing fyrir umhverfismat aðalskipulags Ölfus 2010-2022 en í matslýsingu er gerð grein fyrir því hvernig fyrirhugað er að vinna að umhverfismati aðalskipulagsins skv. lögum um umhverfismat áætlana.

### 1.1 YFIRLIT YFIR EFNI SKIPULAGSÁÆTLUNARINNAR

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf og gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Lögð er áhersla á eftirfarandi markmið:

- að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu
- að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi
- að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, jarðvarma og vatnsafis.
- að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð til að stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggða og bættra tenginga við þjónustu og atvinnu.
- að stuðla að varðveislu sögu- og náttúruminja og annarra umhverfislegra gæða sem m.a. styrkir búsetuskilyrði og ferðaþjónustu á svæðinu.
- að standa vörð um vernd grunnvatns sem auðlindar, bæði sem neysluvatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- að stuðla að gróðurvernd og að öll landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- að standa vörð um að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- að styrkja svæðið til íþróttu og útivistar m.a. með því að tryggja nægt lóðaframboð til frístundastarfsemi og þjónustu á því sviði.
- að tryggja umhverfisvernd viðkvæmra svæða m.a. með bættu skipulagi.

## 1.2 KYNNING OG SAMRÁÐ

Vinna við endurskoðun aðalskipulagsins hefur staðið með hléum síðan árið 2007. Á þeim tíma hafa verið haldnir fjölmargir fundir með hagsmunaaðilum og íbúafundir, bæði almennir fundir og um sérhæfð efni.

Samráð hefur verið haft við Vegagerðina varðandi breikkun Suðurlandsvegur í gegnum sveitarfélagið sem og um aðrar stofnbrautir, tengi- og héraðsvegi í sveitarfélaginu. Þá er samráð við Hestamannafélögin Háfeta og Ljúf varðandi reiðleiðir og við Orkuveituna um samgöngur á Hellisheiðarsvæðinu, bæði vegi og gönguleiðir.

Samráð er við Orkuveitu Reykjavíkur varðandi orkuvinnslu á Hellisheiði og afmörkun vinnslusvæða verður einnig unnin í samráði Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Einnig er samráð við Umhverfisstofnun varðandi verndarsvæði og afmörkun vatnsverndarsvæða hefur verið í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Þá hefur Veðurstofa Íslands lagt til upplýsingar varðandi hættusvæði tengd flóðum og jarðskjálftum.

Þá hefur verið haft samráð við landeigendur á svæðinu varðandi breytta landnotkun og fjölmarga hagsmunaaðila m.a. vegna akstursíþróttasvæðis og golfvallar.

Almennir íbúafundir hafa verið haldnir, síðast 4. feb. 2010 þar sem fyrirbyggjandi tillaga var kynnt í heild á almennum fundi.

Gert er ráð fyrir að ljúka endurskoðun aðalskipulagsins á árinu 2011. Í töflu eru sýndir helstu verkþættir og drög að tímaáætlun fyrir verkið:

Tími	Verkþættir	Fundir	Kynningar og samráð
okt. 2010	Gagnasöfnun og tillögugerð.	Kynning á tillögu í skipulagsnefnd.	
okt. -mars	Ný tillaga mótuð með nýrri sveitarstjórn.	Yfirferð stefnumörkunar á 4 fundum með stýrihópi/skipulagsnefnd.	Samráð við íbúa, landeigendur og aðra hagsmunaaðila.
mars-apríl	Uppfærsla skipulagsgagna. Uppfærsla umhverfisskýrslu.		Fundur með Skipulagsstofnun.
apríl	Lýsing á helstu breytingum.	Sveitarstjórn (bæjarráð).	Lýsing samþykkt í sveitarstjórn.
apríl	Auglýsing og kynning.		Lýsing send á umsagnaraðila. Lýsing kynnt íbúum með auglýsingu og vísað á heimasíðu með nánari gögnum.
apríl -maí	Fundað með hagsmunaaðilum. Gengið frá lokatillögu.	Stýrihópur/skipulagsnefnd.	Fundað með Vegagerð o.fl. Farið yfir tillögur í skipulagsnefnd.
maí	Lokatillaga.	Íbúafundur.	Tillagan kynnt íbúum og aðliggjandi sveitarfélögum.
maí-júní	Samþykkt til auglýsingar. Yfirferð Skipulagsstofnunar.	Sveitarstjórn.	Eftir samþykkt tillögunnar í sv.stjórn er hún send Skipulagsstofnun, sem hefur 4 vikur til yfirferðar.
júní	Uppfærsla m.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar o.fl. Auglýsing skipulagstillögu.	Skipulagsnefnd og Sveitarstjórn.	Sv.stjórn þarf að samþykkja a.m.k. ef verulegar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri samþykkt.
ágúst-sept.	Yfirferð og afgreiðsla athugasemda.	Skipulagsnefnd.	
sept.-okt.	Samþykkt í sveitarstjórn.	Sveitarstjórn.	Afgreiðsla niðurstöðu auglýst og einnig tilkynnt þeim er gerðu athugasemdir.
nóv.	Afgreiðsla Skipulagsstofnunar.		

### 1.3 HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI SKIPULAGI

Að undanförmu hefur verið unnið að stefnumörkun á ákveðnum sviðum aðalskipulags. Helstu breytingar sem verða á Aðalskipulagi Ölfuss eru:

#### a. Iðnaðarsvæði

Í fjölmörgum aðalskipulagsbreytingum hefur afmörkun iðnaðarsvæða breyst talsvert og er þar aðallega um að ræða ný svæði sem komin eru inn í tengslum við virkjanir á Hellisheiði en einnig hafa svæði í og við Þorlákshöfn stækkað og ný svæði bæst við. Gert er ráð fyrir að iðnaðarsvæði á upplandi hafnarinnar stækki.

Á iðnaðarsvæðum vestan Þorlákshafnar er gert ráð fyrir grófarri iðnaði, m.a. er gert ráð fyrir flokkunarsvæði fyrir sorp en sá hluti þess sem ekki er endurnýtanlegur mun verða urðaður og því verður gert ráð fyrir að hluti núverandi iðnaðarsvæðis, Sandur 3, muni verða urðunarsvæði.

Iðnaðarsvæði á Hellisheiði stækkar nokkuð m.a. vegna hugmynda um stórfellda ylrækt. Áætlað er að svæðið stækki til vesturs.

#### b. Samgöngur

Gert er ráð fyrir að Suðurlandsvegur verði breikkaður í gegn um allt sveitarfélagið í 2+2 og er unnið að umhverfismati framkvæmdarinnar. Nú þegar hefur aðalskipulagi verið breytt varðandi 2+2 veg frá sveitarfélagsmörkum að Kópavogi að mörkum Hveragerðis. Þá verður flokkun vega endurskoðuð í samráði við Vegagerðina. Sérstaklega verður skoðað með framtíð gamla Selvogshéiðar/Hlíðarvatnsvegur frá Hlíðarenda vestur fyrir Selvogsvatn.

Gert verður ráð fyrir nýjum Hafnarvegi vegna þungaflutninga frá hafnarsvæðinu vestur á ný iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar.

#### c. Íbúðar- og frístundabyggð í dreifbýli.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir þéttingu byggðar á nokkrum svæðum, einkum á milli Hveragerðis og Selfoss og áfram verður gert ráð fyrir þéttbýli í Árbæjarhverfi. Nokkrar breytingar verða á íbúðabyggð í dreifbýli, t.d falla út svæði Orkuveitu Reykjavíkur í Þurárhrauni

Sett verða inn ákvæði varðandi hvað leyft verður að byggja af íbúðar- og frístundabyggð á landspildum og verða þær flokkaðar eftir stærð.

#### d. Þorlákshöfn

Nokkur breyting hefur orðið á vegakerfi inn í þéttbýlið með tilkomu Suðurstrandarvegur og taka göngu- og reiðleiðir mið af því. Samhliða því hefur aðkoma að svæðum og afmörkun þeirra breyst. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er áætlað að breyta landnotkun á svæðum úr íbúðarsvæði. Felldur er út hluti íbúðarsvæða sunnan Berga og hluti þess svæðis verður skilgreindur undir opið svæði til sérstakra nota.

Gert er ráð fyrir stækkun hafnarinnar og mun hún verða stórskipahöfn. Tekið er frá stærra uppland fyrir hana allt norður að golfvelli þar sem gert er ráð fyrir aukinni iðnaðarstarfsemi. Þá mun verða gerður nýr vegur fyrir þungaflutninga frá hafnarsvæði að iðnaðarsvæðum vestan Þorlákshafnar til að styrkja hafnarsvæðið en frekar.

Gert er ráð fyrir stækkun golfvallar til norðurs og norðausturs.

Gert er ráð fyrir að vatnsból bæjarins flytjist til norðurs og vesturs ofan Þorlákshafnar en endanlega staðsetning þess innan núverandi vatnsverndarsvæðis liggur ekki fyrir og því verður það ekki afmarkað á korti.

#### e. Verndarsvæði / Opin svæði

Hert verður með almennum hætti á texta varðandi umfjöllun um hættusvæði og kveðið verði skýrar á um gögn og ábyrgð á mannvirkjum sem reist verða á skilgreindum hættusvæðum. Gerð verður grein fyrir afmörkun hættusvæða með nokkuð almennum hætti í viðaukagögnum.

Gerð verður grein fyrir helstu varnargörðum vegna flóðahættu allt frá Skötubót, frá Suðurvarnargarði að Sporinu og áfram til vesturs í Selvog og verða garðarnir auðkenndir á skipulagsuppdráttum.

Bætt verður inn fjölmörgum eldri brunnsvæðum sem nú þegar eru virkjuð og afmörkuð vatnsverndarsvæði í kring um þau. Opin svæði til sérstakra nota munu stækka, m.a. stækkun golfvallar, auk þess sem gert er ráð fyrir nýju akstursíþróttasvæði vestan Þorlákshafnarvegjar.

#### 1.4 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykpta liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Ölfuss og eru höfð til viðmiðunar við umhverfismat tillögunnar: Við gerð umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Horft verður einnig til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Alþjóðasamþykkt um <b>fuglavernd</b> (Paris 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar varfgugla.
Samþykkt um <b>votlendi</b> sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).	Ölfusforir sem mögulegt ramsarsvæði.
Samningur um verndun <b>villtra plantna og dýra og lífsvæða</b> í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um <b>lífræðilega fjölbreytni</b> (Río 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun lífræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um <b>loftslagsbreytingar</b> (Río de Janeiro 1992).	Stemmt verði stígu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Samningur um verndun <b>menningar- og náttúruarfleifðar</b> heimsins (C 42/1995) <a href="http://whc.unesco.org">http://whc.unesco.org</a>	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.

Aðalskipulag Ölfuss tekur mið af eftirfarandi áætlunum, stefnuskjöllum og leiðbeiningaskjöllum á landsvísu, auk markmiða og ákvæða þeirra laga sem helst varða skipulagsgerðina, s.s. skipulags- og byggingarlaga, þjóðminjalaga, laga um náttúruvernd, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þessar áætlanir eru jafnframt hafðar til viðmiðunar við umhverfismat einstakra stefnumiða.

Heiti áætlunar	Markmið/stefna sem tengist aðalskipulagsgerðinni
Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 (Alþingi 2006).	Stefnt er að aðgerðum sem beinast að bættum samgöngum og fjarskiptum, eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar, uppbyggingu þekkingarsetra/háskóla-setra, eflingu dreifmenntunar, símenntunar og menningarstarfsemi, bættari heilbrigðisþjónustu, efling þjónustu við innflytjendur, aukinni fjölmenningu, uppbyggingu ferðaþjónustu og efling umhverfisstarfs með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21.
Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 (Alþingi 2007).	Í áætluninni eru skilgreind verkefni sem miða að hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, umhverfislega sjálfbærum samgöngum, öryggi í samgöngum og jákvæðri byggðapróun. Það verkefni sem sveitarfélög geta helst tekið til sín er að meta áhrif bættra samgangna á byggðapróun. Áætlunin flokkar jafnframt samgöngumannvirki og setur fram fjárveitingar til framkvæmda við hafnir, flugvelli, vegi og sjóvarnir eftir sveitarfélögum og tilteknum verkefnum. Í tillögu að aðalskipulagi Ölfuss er gerð grein fyrir framkvæmdum á samgöngumannvirkjum í kafla um samgöngur.
Þingsályktun um viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 (Alþingi 2008).	Áætlunin setur fram fjárveitingar til framkvæmda við hafnir, flugvelli, vegi og sjóvarnir eftir sveitarfélögum og tilteknum verkefnum. Í aðalskipulagi Ölfuss er gerð grein fyrir framkvæmdum á samgöngumannvirkjum í kafla um samgöngur.

<p>Þingsályktun um ferðamál (Alþingi 2005) og Ferðamálaáætlun 2006-2015 (Samgönguráðuneytið 2005).</p>	<p>Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir þróun íslenskra ferðamála. Tryggð verði samkeppnishæfni ferðapjónustunnar sem stuðli að hámarksafkræstri í greininni.</p> <p>Álagi vegna ferðapjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarkasamræmis við niðurstöður rannsókna. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.</p> <p>Ferðapjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.</p> <p>Ísland verði í forystu í umhverfissvænni ferðapjónustu. Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðapjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.</p> <p>Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðapjónustu verði aukin í umhverfismálum.</p>
<p>Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008 (Alþingi 2004).</p> <p>Stefnumörkun í loftslagsmálum (Umhverfissráðuneytið 2008).</p>	<p>Tillaga að verndarsvæðum í náttúruverndaráætlun sem grundvöllur að mögulegum öðrum verndarsvæðum. Verndargildi þeirra ítrekað með stefnumótun og meiri ábyrgð færð til sveitarfélagsins með hverfisvernd.</p> <p>Íslensk stjórnvöld munu standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar innan ramma Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar. Leitað verður allra hagkvæmra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Markvisst verður stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti. Stuðlað verður að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breyttri landnotkun.</p> <p>Undirbúin verður aðlögun að loftslagsbreytingum jafnhliða því sem leitað verður leiða til að draga úr hraða þeirra og styrkleika.</p>
<p>Lög um landshlutabundin skógræktarverkefni (Alþingi 2006).</p>	<p>Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.</p>
<p>Þingsályktun um Landgræðsluáætlun 2003-2014</p>	<p>Markmið landgræðslustarfs séu:</p> <p>Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll.</p> <p>Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf.</p> <p>Að öll landnýting verði sjálfbær.</p> <p>Að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda.</p>
<p>Kerfisáætlun Landsnets Fimm ára áætlun 2010-2014</p>	<p>Í áætluninni er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun raforkunotkunar og -framleiðslu tengdri flutningskerfinu auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er í flutningskerfinu til næstu fimm ára.</p>
<p>Náttúruminjaskrá</p>	<p>Tillaga að verndarsvæðum í náttúruverndaráætlun sem er grundvöllur að mögulegum öðrum verndarsvæðum. Verndargildi þeirra ítrekað með stefnumótun og meiri ábyrgð færð til sveitarfélagsins með hverfisvernd.</p>
<p>Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.</p>	<p>Verndargildi svæða er ítrekað og mikilvægur liður skipulagsvinnu.</p> <p>Byggð skipulögð m.t.t. náttúruvár vegna flóða.</p> <p>Liður skipulagsvinnu er að móta stefnu um auðlindir og landnotkun.</p> <p>Tekið verður tillit til stefnumörkunar ríkisins um sjálfbæra þróun.</p>

Aðalskipulag Ölfuss tekur mið af eftirfarandi áætlunum á svæðisvísu og aðalskipulagi nágrannasveitarfélaga:

Áætlanir til athugunar	Tenging	Möguleg viðbrögð í skipulagsvinnunni
Aðalskipulag Hveragerðis	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.	Vatnsvernd, samgöngur, háspennulínur, íbúðabyggð, samfélagsleg þjónusta, náttúruvá, útivist.
Aðalskipulag Árborgar	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.	Samgöngur, tvöföldun Suðurlandsvegur, íbúðabyggð í Árbæjarkerfi, náttúruvá, samfélagsleg þjónusta.
Aðalskipulag Kópavogs	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.	Samgöngur, háspennulínur, verndarsvæði, útivist.
Aðalskipulag Garðabæjar	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.	Verndarsvæði, útivist.
Aðalskipulag Grindavíkur	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.	Samgöngur, verndarsvæði.
Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.	Orkunotkun, verndarsvæði.
Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.	Markmið um lífríki, númer: 7.1 fjölbreytileiki vistgerða 14.2 um skaðleg efni Markmið um samfélag. 6.2 um náttúruvá Markmið um Auðlindir 13.1 meðhöndlun úrgangs, 17.1 fjölbreytni vistgerða/vistkerfa, 17.3 varúðarsjónarmið, 5.2 útivistargildi svæða.	Verndargildi svæða er ítrekað og mikilvægur liður skipulagsvinnu. Byggð skipulögð m.t.t. náttúruvár vegna flóða. Liður skipulagsvinnu er að móta stefnu um auðlindir og landnotkun. Tekið verður tillit til stefnumörkunar ríkisins um sjálfbæra þróun.



## 1.5 UPPLÝSINGAR UM GRUNNÁSTAND UMHVERFISINS

Upplýsingar um grunnástand og staðhætti má sjá í meðfylgjandi drögum að forsendum fyrir Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022. Í kafla 2.2 eru dregnar fram helstu forsendur og staðhættir er varða þá þætti umhverfisins sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum við framfylgd stefnunnar.

Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest árið 2005 hafa verið gerðar nokkrar breytingar sem leitt hafa af sér grundvallarbreytingu á landnotkun á vissum svæðum. Sér í lagi hefur grundvallarbreyting átt sér stað á Hellisheiði vegna uppbyggingar á orkuvinnslu sem hefur leitt til þess að gengið hefur verið á óbyggð svæði, útivist og ferðamennsku sem og vatnsvernd á svæðinu. Í töflu hér fyrir neðan eru helstu umhverfisvandamál dregin saman er varða áætlunina:

Vandamál	Forsendur	Þýðing fyrir skipulagsvinnuna
Vatnsvernd	Breytt landnotkun á Hellisheiði hefur valdið því að gengið hefur verið á vatnsverndarsvæði. Rannsóknir hafa leitt í ljós að á svæðinu við Bitru/Ölkelduháls er grunnvatn jarðhitamengað. Gengið á vatnsverndarsvæði á Hafnarsandi	Endurskoða þarf mörk vatnsverndarsvæða á Hellisheiði og kanna hvort grundvöllur sé fyrir svo víðtækri afmörkun á svæðinu. Gera kröfur um frágang og fráveitu.  Endurskoða vatnsverndarmörk. Gera kröfur um frágang og fráveitu.
Náttúruvá	Jarðskjálftasvæði, jarðskjálftar 2000-2008. Flóðasvæði	Kortleggja þarf sprungusvæði. Kortleggja þarf flóðasvæði Ölfusár svo að ekki verði gert ráð fyrir byggð á hættusvæðum.
Samgöngur	Tvöföldun Suðurlandsvegur	Hljóðvist. Horfa þarf til hljóðvistar við skipulagningu byggðar við Suðurlandsveg. Kortleggja hjólaleiðir í dreif- og þéttbýli.
Verndarsvæði	Við uppbyggingu iðnaðarsvæða á Hellisheiði hefur verið gengið á hverfisverndarsvæði og á áhrifasvæði svæða á náttúruminjaskrá	Leggja þarf áherslu á samþættingu verndar og orkunýtingar á orkuvinnslusvæðum og afmarka þau svæði sérstaklega sem ekki eru ætluð undir orkuvinnslu. Kortleggja þarf útivistarsvæði á Hellisheiði m.t.t. útivistaráforma.
Uppbygging iðnaðarsvæða	Uppbygging iðnaðarsvæða á Hellisheiði og vestan Þorlákshafnar getur haft áhrif á loftmengun	Setja þarf fram skýra markmiðssetningu um samþættingu orkuvinnslu og verndunar.

## 2 UMhverfismatið – UMFANG OG ÁHERSLUR

### 2.1 STEFNUMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS

Stefna Aðalskipulags Ölfus er sett fram í eftirfarandi málaflokkum:

**Náttúra** þar sem fjallað er um verndarsvæði, náttúruvá og óbyggð svæði.

**Samfélag og byggð**, þar sem fjallað er um þjónustustofnanir, frístundabyggð, íbúapróun, íbúðarhúsnæði, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota og byggðmynstur þar sem fjallað er um ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar.

**Atvinna**, þar sem fjallað er um verslun og þjónustu, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, efnistöku og sorpförgun.

**Grunnkerfi**, þar sem fjallað er um samgöngur og veitur.

Fyrirhugað er að leggja mat á umhverfisáhrif stefnu aðalskipulagsins í öllum ofangreindum málaflokkum þar sem mikilvægt er talið að umhverfismatið horfi til aðalskipulagsins í heild, til að fá yfirsýn yfir áhrif skipulagsins og tengsl stefnu þess í mismunandi málaflokkum. Ekki er hinsvegar fyrirhugað að umhverfismeta sérstaklega einstök landnotkunarákvæði aðalskipulagsins. Þó umhverfismatið nái til stefnu aðalskipulagsins í öllum málaflokkum, eru ákveðnir þættir stefnunnar taldir líklegri en aðrir til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif og er þeim frekari gaumur gefinn með skoðun á mismunandi stefnukostum, sbr. kafla 2.2 að neðan. Þá verða einnig bornir saman kostir í umhverfismatinu í þeim tilvikum þar sem fleiri en einn grundvallar stefnukostur hefur komið sterklega til álitá í skipulagsvinnunni.

### 2.2 ÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS SEM TEKNIR ERU TIL MATS

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir lykilþáttum sem eru til athugunar í mats- og skipulagsvinnunni. Lauslega er greint frá þeim aðstæðum sem eru forsenda matsvinnu og þarf að fást við í skipulagsvinnu. Greint er frá mögulegum áhrifum á umhverfið sem þarf að fjalla um í matsvinnunni. Þá er greint frá hvernig tekist verður á við þessi mál í skipulagsvinnunni og greint frá þeim valkostum sem eru til skoðunar. Í lok hvers kafla er sett fram yfirlit yfir þau gögn og viðmið sem stuðst verður við.

Þegar frekari drög að megináherslum aðalskipulagsins liggja fyrir verður gerður samanburður á öðrum stefnukostum eftir því sem þörf þykir.

Málaflokkur	Forsendur	Möguleg áhrif	Skipulag og matsvinna	Valkostir	Gögn og viðmið
<b>Kafli um náttúru</b>					
<b>Vatnsvernd</b>	Gert er ráð fyrir endurskoðun vatnsverndarsvæða í Ölfusi þar sem breytingar á landnotkun hafa leitt til töluverðra breytinga á afmörkun vatnsverndar.	Verði gamalt vatnsverndarsvæði lagt af skapast nýjar forsendur fyrir landnotkun og umgengni.	Skilgreina hverjir nýta vatnsból sem er staðsett innan sveitarfélagsins. Skilgreina og fjalla um hvaða þýðingu núverandi vatnsverndarsvæði hefur fyrir nágrennasveitarfélagið Hveragerði.	Ekki til skoðunar.	Upplýsingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og e.t.v. Orkustofnun. Lög og reglur.

<b>Mannvistarlandslag og fornleifar</b>	<p>Ekki hefur verið gerð aðalskráning fornleifa fyrir sveitarfélagið. Ætlunin er að nýta gögn sem safnað hefur verið í tengslum við málsmeðferð einstakra framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem gert er ráð fyrir þéttingu byggðar þ.e. við Hvammshring og í Árbæ mun fara fram fornleifaskráning. Töluvert er af sýnilegum minjum í sveitarfélaginu og verður unnið með það í skipulagsvinnunni. Talið er að í þessu landslagi felist möguleikar fyrir ferða-mennsku og útivist.</p>	<p>Viða þarf, við uppbyggingu sveitarfélagsins, að gæta þess að raska ekki minjum án þess að farið hafi fram athugun og tekin ákvörðun um röskun eða verndun minja. Hætta er á raski á mannvistarleifum sem falla ekki formlega undir vernd skv. þjóðminjalögum. Einnig þarf við uppbyggingu að gæta þess að varðveita það heildaryfirbragð sem einkennir þetta svæði, bæði í þétt- og dreifbýli</p>	<p>Skilgreining landnotkunar og stefnumótun sveitarfélagsins taki mið af sérstöðu sveitarfélagsins varðandi mannvistarlandslag og sögu er undirliggjandi.</p>	<p>Ekki til skoðunar.</p>	<p>Málsmeðferðargögn skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 100/2006.</p> <p>Fornleifaskráning einstakra svæða.</p> <p>Loftmyndir.</p>
<b>Kafli um atvinnu</b>					
	<p>Sveitarfélagið er að stefna að vexti byggðar og fjölgun íbúa. Heldur hefur dregið úr umsvifum á nokkrum sviðum atvinnulífsins og því er þörf á að endurskoða möguleika og skapa ný sóknarfæri fyrir atvinnulíf sveitarfélagsins. Á eftirfarandi sviðum er talið að sóknarfæri muni skapast á skipulagstímabilinu:</p> <p>Ferðapjónusta.</p> <p>Hafnarstarfsemi vegna uppbyggingar stórskiphafnar.</p> <p>Starfsemi á sviði orkufrekrar hátækni á grundvelli góðra samgangna og nálægðar við orkuvinnslusvæði.</p>	<p>Fjallað hefur verið ítarlega um áhrif iðnaðarsvæða á Hellið og vestan Þorlákshafnar í umhverfisskýrslu með breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 sem fjallaði um Þorlákshafnarlinur 2 og 3, iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar, iðnaðarsvæði við Gráuhnúka, stækkun iðnaðarsvæðis Helliðarvirkjunar, iðnaðarsvæði við Bitru, stækkun efnistökusvæðis við Lambafell og niðurfellingu flugvallar. Í umhverfisskýrslu með endurskoðuðu aðalskipulagi verða dregnar saman niðurstöður þeirrar matsvinnu. Nokkuð stórt svæði hefur verið tekið undir stórskiphöfn í Þorlákshöfn Því fylgir mikið landrask í upplandi og hefur áhrif á núverandi landnotkun en golfvöllur gæti orðið fyrir áhrifum og finna þarf ákjósanlegt efnistökusvæði fyrir efni í varnargarða. Svæðið hefur ekki sérstakt verndargildi, huga þarf að ásýnd og heildarmynd svæðisins. Möguleg eru neikvæð áhrif vegna athafnasvæða í þéttbýlinu. Áhrifin eru háð staðsetningu, eðli starfseminnar og umgengni. Fyrst og fremst er skilgreining og sköpun möguleika á auknu og fjölbreyttu atvinnulífi líkleg til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif.</p>	<p>Í þéttbýlinu verði tekið tillit til sjónrænna og annarra áhrifa sem kunna að vera neikvæð vegna staðsetningar, ásýndar og starfsemi stórskiphafnar. Skoða þarf í samhengi staðsetningu svæðisins í þéttbýli og staðsetningu aðkomuvegar. Hafa ber í huga þá tegund umferðar sem fer til og frá hafnarsvæðinu og hvort sú umferð er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist, loftgæði og öryggi annarra vegfarenda.</p>	<p>Ekki eru settir fram afmarkaðir valkostir til sam- anburðar. Fremur er umfjöllun um valkosti fólgin í skilgreiningu mismunandi möguleika á sviði atvinnu.</p>	<p>Stefna Aðalskipulags Ölfuss í atvinnumálum og samgöngum.</p>

**Kafli um samfélag og byggð**

	<p>Byggð í Ölfusi einkennist af einum þéttbýliskjarna, landbúnaðarsvæði þar sem landbúnaður hefur verið á undanhaldi og vísi að þéttbýlismyndun við Hvammshring og í Árbæjarhverfi. Stefna aðalskipulags er sú að í Þorlákshöfn er ekki gert ráð fyrir aukningu á íbúðarsvæðum þar sem núverandi íbúðarsvæði eiga að geta annað þörfinni til næstu ára. Stefnan er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og vilji er fyrir byggingu íbúða. Þessu verður mætt með því að auka við byggð við Hvammshring og í Árbæjarhverfi.</p> <p>Gert er ráð fyrir akstursþróttasvæði norðan Þorlákshafnar en fjallað hefur verið ítarlega um áhrif þess á umhverfið í umhverfisskýrslu með breytingu á aðalskipulagi Ölfus 2002-2014 sem fjallaði um Þorlákshafnarlinur 2 og 3, iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar, iðnaðarsvæði við Gráuhnúka, stækkun iðnaðarsvæðis Helligshéðarvirkjunar, iðnaðarsvæði við Bitru, stækkun efnistökusvæðis við Lambafell og niðurfellingu flugvallar. En sú breyting er hluti af endurskoðun aðalskipulags. Í umhverfisskýrslu með endurskoðuðu aðalskipulagi verða dregnar saman niðurstöður þeirrar matsvinnu.</p>	<p>Áhrif byggðar eru sjónræns eðlis og líta þarf til þess hvort verið sé að ganga á góð landbúnaðarsvæði.</p>	<p>Fjalla þarf um og huga að ásjýnd og yfirbragði byggðar við markmiðssetningu og áhrif á heildaryfirbragð sveitarfélagsins.</p> <p>Fjalla þarf um möguleika og áhrif þéttingar.</p> <p>Forgangsráða á hvaða svæðum eigi að byggja upp fyrst.</p> <p>Fjalla um áhrif á samfélagslega bætti.</p> <p>Skoða þarf hljóðvist í nágrenni Suðurlandsveggar.</p> <p>Fjalla þarf um náttúruvá (jarðskjálftasvæði).</p> <p>Fjalla þarf um loftgæði og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.</p>	<p>Mismunandi möguleikar eru til skoðunar í skipulagsvinnunni án þess að valkostir hafa verið skilgreindir nákvæmlega.</p>	<p>Stefna sveitarfélagsins Ölfuss í tillögu að aðalskipulagi.</p> <p>Menningarstefna í mannvirkjagerð, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist, útg. apríl 2007</p> <p>Þekking og reynsla heimamanna.</p> <p>Lög og reglur.</p>
--	--	---	---	--	--

**Kafli um grunnkerfi**

	<p>Um helstu áherslupætti um hafnir má lesa í kafla 2.2.1 um atvinnu.</p> <p>Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir tvöföldun Suðurlandsveggar frá Hveragerði til Árborgar. Núverandi vegur annar ekki þeirri umferð sem fer um veginn á háannatíma og því ástæða talin að tvöfalda veginn til að auka umferðaröryggi.</p> <p>Einnig er gert ráð fyrir nýjum raflinum Þorlákshafnarlinum 2 og 3 en fjallað hefur verið ítarlega um áhrif þeirra á umhverfið í umhverfisskýrslu með breytingu á aðal-</p>	<p>Áhrif tvöföldunar Suðurlandsveggar er að breiðkun vegarins mun ganga á núverandi landnotkun, helgunarsvæði vegarins stækkar og stór landsvæði fara undir mislæg gatnamót sem og efnistaka en gert er ráð fyrir að nota einungis námur sem eru opnar. Hljóðvist mun breytast með tilkomu tvöföldunar.</p>	<p>Gæta þess að tekið verði tillit til sjónrænna og annarra áhrifa sem kunna að vera neikvæð vegna staðsetningar, ásjýndar vegna tvöföldunar Suðurlandsveggar. Skoða skal vel hvaða áhrif tvöföldun mun hafa á hljóðvist, loftgæði og öryggi annarra vegfarenda.</p>	<p>Settur verður fram annar kostur til skoðunar en það er færsla vegarins til suðurs vestan Hvals eða svokölluð leið D. Þar er vegsvæðið hið sama og skv. núverandi vegstæði að eystri Hvammsafleggjara, en að Hveragerði færir</p>	<p>Stefna sveitarfélagsins Ölfuss um samgöngur í tillögu að aðalskipulagi.</p> <p>Samgönguáætlun 2007-2010</p> <p>Þekking og reynsla heimamanna.</p> <p>Lög og reglur.</p>
--	--	---	--	---	--

	<p>skipulagi Ölfus 2002-2014 sem fjallaði um Þorlákshafnarlínur 2 og 3, iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar, iðnaðarsvæði við Gráuhnúka, stækkun iðnaðarsvæðis Hellisheiðarvirkjunar, iðnaðarsvæði við Bitru, stækkun efnistökusvæðis við Lambafell og niðurfellingu flugvallar. En sú breyting er hluti af endurskoðun aðalskipulags. Í umhverfisskýrslu með endurskoðuðu aðalskipulagi verða dregnar saman niðurstöður þeirrar matsvinnu.</p>			<p>vegsvæðið allnokkuð til suðurs. Ein mislæg gatnamót verða innan sveitarfélagsins; við Hvammsafleggjara.</p>	
--	---	--	--	--	--

## 2.3 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

### Umhverfisþættir

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem talinn er geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem stefna er mótuð um í aðalskipulaginu. Eftirfarandi eru umhverfisþættir sem tekið verður tillit til við umhverfismat Aðalskipulags Ölfuss og taldir eru geta orðið fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd stefnu aðalskipulagsins. Nánari skilgreining umhverfisþátta fer fram samfara vinnu við sjálft umhverfismatið (sjá viðauka).

- **Náttúra**
- **Samfélag**
- **Auðlindir**

### Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið merkja þá mælikvarða sem umhverfisáhrif stefnu aðalskipulagsins á tiltekna umhverfisþætti eru borin saman við til að geta tekið afstöðu til hvers eðlis áhrifin eru. Eftir því hvort stefna aðalskipulagsins fellur að umhverfisviðmiðunum eða ekki segir þá til um hvort umhverfisáhrif aðalskipulagsins eru talin jákvæð eða neikvæð, veruleg eða óveruleg o.s.frv. Við umhverfismat Aðalskipulags Ölfuss verður horft til viðmiða sem fram koma í markmiðum og stefnu eftirfarandi laga, reglugerða og áætlana (sjá viðauka).

Nánari skilgreining umhverfisviðmiða fer fram samfara vinnu við sjálft umhverfismatið og getur því farið fram vinsun á áðurtöldum umhverfisviðmiðum.

### Umhverfismatið – aðferðir og framsetning niðurstaðna

Upplýsingar sem nýttar verða við gerð umhverfisskýrslu eru gögn sem aflað hefur verið við gerð gildandi Aðalskipulags Ölfuss ásamt gögnum sem tengjast umhverfismati einstakra framkvæmda innan sveitarfélagsins sem og tilkynningargögn og gögn sem aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu. Ef þörf reynist að afla annarra gagna þá verður gerð grein fyrir því í umhverfisskýrslu. Meta þarf hvort nauðsynlegt sé að óska álits Íslenskra orkurannsókna vegna vatnsverndar. Einnig kemur til álita að fá skráningu á fornminjum á þeim svæðum þar sem gert er ráð fyrir þéttingu byggðar. Þá er nauðsynlegt að fá upplýsingar um hljóðvist í námunda við breikkaðan Suðurlandsveg.

Byggt verður á fyrirliggjandi upplýsingum um ástand umhverfis í sveitarfélaginu Ölfusi, þ.m.t. á fyrirliggjandi upplýsingum úr málsmeðferð einstakra framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Aðalskipulagsráðgjafar munu leggja mat á umhverfisáhrif aðalskipulagsins, en mat þeirra verður rýnt af stýrihópi aðalskipulags og öðrum sérfræðingum sem kallaðir verða til.

Matið verður unnið og sett fram í venlatöflum þar sem einstökum áhrifum verða gefnar einkunnir og áhrifamat skýrt og rökstutt með stuttum greinargerðum. Niðurstöður umhverfismatsins í heild verða settar fram í viðauka greinargerðar aðalskipulagsins, en stuttur útdráttur með helstu niðurstöðum um hvert málefni verður jafnframt birtur í þeim köflum

greinargerðarinnar þar sem sett er fram stefna um viðkomandi efni. Í viðauka aðalskipulagsins sem fjallar um umhverfismat aðalskipulagsins verður jafnframt gerð grein fyrir hvaða framkvæmdir eru fyrirséðar skv. aðalskipulaginu sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

### 3 VIÐAUKI

#### 3.1 UMHVERFISÞÆTTIR

Umhverfisþáttur	Forsendur	Matsspurning	Viðmið
Náttúra			
Landslag	Bygðapróun kann að hafa áhrif á ásýnd landslags, þ.e vegna uppbyggingar, samgöngumannvirkja og háspennulína.	Hefur áætlun áhrif á: Náttúrulegt landslag? Ásýnd sveitarfélagsins?	Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar
Jarðfræði og jarðmyndanir	Bygðapróun kann að hafa bein áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir. Annars vegar að nýtt land er tekið undir byggð og samgöngumannvirki og hins vegar vegna efnisparfa-/námutöku við uppbyggingu.	Viðkvæm svæði? Svæði eða stök með vermdargildi?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Samráð/álit: Umhverfisstofnun
Gróðurfar og dýralíf	Bygðapróun kann að hafa bein áhrif á lífríki. Áhrif vegna nýrra svæða sem tekin eru undir byggð eða mannvirki. Einnig eru óbein áhrif möguleg, t.d. vegna aukinnar umferðar, hávaða og framkvæmda.	Stærð vermdarsvæða? Mikilvæg búsvæði? Mikilvæg gróðursvæði? Hverfisvermdarsvæði? Votlendi? Liffræðilegur fjölbreytileiki? Sjaldgæfar vistgerðir? Válistategundir?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd Náttúruminjaskrá Ríosamningur um liffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða, Samráð/álit Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun,
Vatnafar	Bygðapróun kann að hafa bein áhrif á vatnsvermdarsvæði og vötn sem njóta sérstakrar vermdar.	Vatnsvermdarsvæði (brunn-, grann- eða fjarsvæði)? Vötn sem eru stærri en 1000 m <sup>2</sup> ? Ár og lækir?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið
<b>Auðlindir</b>				
<b>Landrými</b>	Byggðapróun hefur bein áhrif á landrými sem fer undir byggð og samgöngu-mannvirki.		Stærð byggðra svæða? Nýting landrýmis (íbúðir/ha) og samgöngur? Hlutfall milli byggðar og óbyggðs lands.	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar
<b>Verndarsvæði</b>	Byggðapróun kann að hafa áhrif á verndarsvæði.	Náttúruminjaskrá. Náttúruverndaráætlun	Stærð verndarsvæða? Fjöldi verndarsvæða? Gæði/eðli verndarsvæða?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Samráð/álit: Umhverfisstofnun
<b>Orkunotkun</b>	Byggðapróun hefur bein áhrif á orku-notkun, sérstaklega m.t.t. samgangna og uppbyggingu nýs iðnaðar.		Orkunotkun (heild og á hvern íbúa)	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020.
<b>Vatnsnotkun /vatnsbúskapur</b>	Byggðapróun hefur bein áhrif á vatnsnotkun. Fjölgun íbúa og atvinnustarfsemi		Vatnsnotkun/íbúa Vatnsstaða vatnsbóla? Þörf á nýjum vatnsbólum?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
<b>Jarðefnanotkun</b>	Byggðapróun hefur áhrif á jarðefnanotkun, þ.e. vegna uppbyggingar.		Fjöldi náma?	Stefna Aðalskipulags Ölfuss um námur.
<b>Landslag/ásýnd</b>	Byggðapróun kann að hafa áhrif á ásýnd landslags, þ.e. vegna uppbyggingar, á íbúðarsvæðum, frístundabyggð, samgöngumannvirkja og háspennulína.		Hefur áætlun áhrif á: Náttúrulegt landslag? Ásýnd Ölfuss?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar
<b>Sorp og fráveita</b>	Byggðapróun hefur áhrif á losun úrgangs.		Hefur áætlun áhrif á: Sorpörgun? Veitukerfi?	

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Umhverfisvísar
<b>Samfélag</b>					
<b>Samgöngur</b>	Byggðapróun hefur bein áhrif á samgöngukerfi og umferð	Samgönguáætlun 2002-2014 Umferðaspá Vega-gerðarinnar (2004)	Ferðavenjur og fjöldi ferða? Akstursvegalengdir? Landrymi fyrir samgöngumannvirki? Þjónustustig samgöngukerfis? Aðgengi gangandi-, hjólandi og ríðandi vegfarenda?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020.	Daglegur ferðamáti til vinnu. Umferð og tegund umferðar
<b>Efnahagur</b>	Atvinna		Fjölbreytt atvinnutækifæri?		Fjöldi starfa í sveitarfélaginu.
<b>Félagslegt umhverfi</b>	Byggðapróun hefur áhrif á húsnæðisframboð, búsetukosti og útivistarsvæði		Fjölbreytt húsnæðisframboð? Fjölbreyttir búsetukostir? Íbúapróun?		
<b>Heilsa</b>	Byggðapróun kann að hafa áhrif á heilsu íbúa. Fyrst og fremst vegna mengunar frá umferð (útblastur og hávaði).	Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða.	Loftgæði (sbr. 2.1)? Fjöldi/stærð svæða þar sem hljóðstig er yfir viðmiðunarmörkum? Loftgæði við leik- og grunnskóla?	Reglugerð 933/1999 um hávaða. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.	Hávaði vegna umferðar
<b>Menningarminjar</b>	Byggðapróun kann að hafa áhrif á menningarminjar.		Fornminjar? Húsavernd? Búsetu/menningarlandslag?	Lög nr. 107/2001 um þjóðminjar. Samráð/álit: Fornleifavernd ríkisins.	
<b>Öryggi</b>	Athuga þarf stöðu byggðar og samgöngumannvirkja m.t.t. náttúruvár. Fyrst og fremst er um að ræða jarðskjálfta og vatnsflóð.		Er/verður náttúruvá til staðar á: Núverandi byggðasvæðum? Nýjum byggðasvæðum? Núverandi samgöngumannvirkjum? Nýjum samgöngumannvirkjum?	Samráð/álit: Veðurstofa Íslands, Vegagerðin	